

2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 21. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 606/1996 um nýtt fasteignamat.

3. gr.

Með vísan til tilvitnaðra laga tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1997 og falla þá jafnframt úr gildi auglýsingar nr. 608/1995 og 636/1996.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Guðmundur Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997.

1. gr.

Gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990, til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997 skiptist eftir búgreinum á eftirfarandi hátt:

- a) Greiða skal 0,2% af hrossaafurðum.
- b) Greiða skal 0,3% af afurðum sauðfjár, nautgripa, svína, alifugla (egg), æðardúni, loðskinnum og kartöflum.
- c) Greiða skal 1,0% af afurðum alifugla (kjöt).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt b-lið 5. gr. laga um Bjargráðasjóð nr. 146/1995, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.